

Bréf dómsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um þingstað í Njarðvíkurhreppi.

56
8. júní

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 29. f. m., og ósk hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps, veitir ráðuneytið hér með samþykki sitt til þess að Njarðvíkurhreppur verði framvegis sérstök dómsþinghá með þingstað að Bjargi í Ytri-Njarðvík, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hér með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð síra Arnórs Árna-sonar og Ragnheiðar Eggertsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 7. apríl 1942.

57
7. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð síra Arnórs Árnasonar og Ragnheiðar Eggertsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Arnórs Árnasonar og Ragnheiðar Eggertsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður 1938 fyrir forgöngu Kvenfélags Skefilsstaðahrepps, með gjöfum frá félagskonum og söfnuðunum í Hvammsprestakalli í Skagafirði, til minningar um prestshjónin Arnór Árnason og Ragnheiði Eggertsdóttur, síðast að Hvammi í Laxárdal.

Stofnfé sjóðsins er nú, við árslok 1941, kr. 1253.49.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. Vextir lagðir við höfuðstól.
- b. Gjafir og áheit, sem honum kunna að hlotnast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja fáteka sjúklinga í Skefilsstaðahreppi, sem ekki eru á sveit, einkum þá, sem þurfa að leita sér lækninga út úr héraðinu.

5. gr.

Ekki kemur til úthlutunar úr sjóðnum fyrr en hann er orðinn 3000 krónur, þó má úthluta allt að $\frac{3}{4}$ hluta ársvaxtanna, en afgangurinn leggst við höfuðstól, þar til hann hefur náð 10000 krónum. Úr því má úthluta $\frac{1}{40}$ ársvaxtanna, en $\frac{1}{40}$ hluti þeirra leggst ávallt við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða.